

**Nd.**

## **127. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

Flm.: Pétur Ottesen.

### **1. gr.**

Við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist nýr töluliður:

Á Akranesi 5000 mála verksmiðju. Byggingu verksmiðjunnar skal, ef unnt er, lokið fyrir 1. okt. 1948.

Til framkvæmda þessara heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að upphæð allt að 8 millj. kr.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Síldveiðarnar í innanverðum Faxaflóa á þessu og síðastliðnu ári hafa komið róti á hugi manna. Er það ekki að undra, að slík uppgripaveiði uppi í landsteinum hefur orðið útgerðarmönnum og sjómönnum sterk hvöt og uppörvun til þess að koma bátafлотanum á veiðar. Hafa veiðar þessar, hvað aflafeng snertir, borið mjög glæsilegan árangur. En það, sem á skortir, að þessi dýrmæti veiðifengur geti orðið landsmönnum að þeim notum, sem efni standa til, eru erfiðleikar þeir, sem við er að stríða um hagnýtingu aflans hér við Faxaflóa. Hér vantar alveg síldarbræðsluverksmiðju. Eina úrlausnin í þessu efni hér er hagnýting á lýsis- og fiskimjölsverksmiðjunni á Akranesi til síldarvinnslu. Síldarbræðsla í þessari verksmiðju

hefur gengið ágæta vel, en afköst hennar eru svo lítil, að það nær skammt til þess að vinna úr hinu mikla aflamagni. Svo er það með þessa verksmiðju og aðrar slíkar verksmiðjur, sem nú er verið að reisa við Faxaflóa, að þær eru reistar fyrst og fremst til lýsisbræðslu og fiskimjölsvinnslu og eru bundnar við þá vinnslu frá áramótum og til vetrarvertíðarloka. Á því tímabili geta þær ekki sinnt sildarbræðslu, það samræmist ekki því höfuðviðfangsefni, sem þeim er ætlað að inna af hendi í sambandi við þorskveiðarnar. Svo bætist það hér við, að alla tækni skortir gesamlega við affermingu sildarinnar. Það ráðið, sem grípa hefur orðið til, til þess að gera allan sildarfenginn verðmætan, er að senda sildina til Siglufjarðar og bræða hana þar. Þetta er vandræðaráðstöfun, sem er bæði mjög kostnaðarsöm og hefur valdið miklum töfum við afgreiðslu veiðiskipanna. Hefur mikil veiði farið forgörðum af þessum sökum. Þetta ástand er því engan veginn við hlítandi. Eigi verður tölum talið það tjón, sem þjóðin hefur beðið við það þessi tvö veiðitímabil, að engin sildarbræðsluverksmiðja er við Faxaflóa.

Með þessu frv. er lagt til, að reist verði á Akranesi 5000 mála sildarverksmiðja með fullkomnum útbúnaði, þróm og fljótverkum löndunartækjum.

Ráð er fyrir því gert, að kostað verði kapps um að hafa verksmiðjuna fullbúna fyrir næsta haust. Með tilliti til þeirra erfiðleika, sem nú eru á því að útvega vélar, má á það benda, að norður á Siglufirði eru nú geymdar nýjar og fullkomnar vélar til sildarbræðslu með öllu tilheyrandi, sem eru byggðar fyrir 5000 mála afköst á sólarhring. eru vélar þessar eign Óskars Halldórssonar útgerðarmanns, og er engan veginn loku fyrir það skotið, að ríkisstjórnin gæti komið að samkomulagi við Óskar um kaup á vélum þessum eða að samningar tækjust milli hans og ríkisstjórnarinnar um byggingu og rekstur verksmiðjunnar á þeim grundvelli, að hann legði til vélnar. Væri það mikilsverður þáttur í skjótri lausn þessa nauðsynjamáls, að samningar gætu tekizt milli fyrrgreindra aðila um það, að vélar þessar fengjust í þessa fyrirhuguðu verksmiðju við Faxaflóa.

Ég hef valið verksmiðjunni stað á Akranesi. Sá staður liggur mjög vel við með tilliti til veiðisvæðanna í Faxaflóa. Þar er landrými nóg, hafnarbætur hafa verið þar miklar gerðar á undanförunum árum, og verður þó enn um bætt á næsta sumri. Afgreiðsluskilyrði eru þar því hin æskilegustu. Það verður því tæplega bent á annan stað hér við flóann, sem jafnódyrt og hagstætt sé að setjast að með fyrirtæki þessarar tegundar.

Það orkar ekki tvímælis, að hér er um mikið og aðkallandi nauðsynjamál að ræða, sem engan veginn má skella skollaeyrum við. Sildarafurðirnar eru verðmestu og eftirsóttustu verðmætin, sem Íslendingar framleiða nú og senda á erlendan markað. Það má því ekki henda okkur í þriðja sinn, þegar slíkur afli berst upp í hendurnar á okkur, að við séum þess varbúinir að nýta hann til þess ýtrasta.

Í frv. er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að taka allt að 8 millj. kr. lán til þessara framkvæmda, og er sú fjárhæð miðuð við það, að ríkið standi eitt að byggingu verksmiðjunnar.